



Reykjavík, 30. ágúst 2021

R18010207

## **Efni: Umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021 -2030**

Fjölmeningarráð fagnar mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, samráð við mótun stefnunnar var vítt og mikil áhersla var lögð á að ná til fjölbreyttra hópa haghafa. Leiðarljós stefnunnar er þátttaka allra í lýðræðislegum ferlum og er skilgreining á því víðari en venja er. Einnig er mjög jákvætt að hvati til þátttöku er innleiddur í lýðræðislegum ferlum hjá borginni með því að borgarbúar geta í miklu meira mæli fylgst með beint, á einfaldan hátt með framvindu ákvarðanatöku.

### **Ráðið vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:**

- Mikilvægt er að huga að kynningu stefnunnar meðal þeirra sem ekki skilja íslensku nægilega vel, fyrsta skrefið þar er að þýða stefnuna yfir á fleiri tungumál, en ekki má þar við sitja heldur þarf að huga að hvernig er betur hægt að nálgast innflytjendur. Huga þarf að fjölbreyttari samskiptaleiðum, hvaða miðlar henta og hverjir eru mögulegir brúarsmiðir, sem sagt fólk sem miðlar lýðræðisþekkingu á jafningagrundvelli og á forsendum þeirra hópa sem um ræðir hverju sinni. Einnig þarf að taka tillit til þess að bæði þekking og viðhorf til lýðræðis og ekki síst traust til yfirvalda getur verið mótað af mismunandi menningu.
- Hugtak sem hefur smám saman verið að fá meiri útbreiðslu í umræðunni um fjölmenningu á Íslandi er *inngilding* (e. inclusion) og hefur hugtakið einnig verið notað í nýjum stefnumótunarferlum hjá borginni. Ráðið mælir eindregið með að aðilar kynni sér hugtakið og innleiði það í lýðræðisstefnunni.
- Mikilvægt er að þýðingar yfir á önnur tungumál séu unnar á faglegum nótum og yfirlesnar af fagfólki með víðtæka þekkingu bæði hjá borginni og markhópum.

### **Hugmyndir að fleiri aðgerðum:**

- Ráðið leggur til að móta verkefni um að kanna á skilvirkan hátt notkun lýðræðisverkferla borgarinnar á öðrum tungumálum s.s. Sendir fólk inn ábendingar á öðrum tungumálum? Eru ábendingar sem koma á öðrum tungumálum annars eðlis? Eru þýðingar að skila sér til markhópa? Hið síðastnefnda væri til þess að finna út hversu gagnlegar þýðingar eru, hvort það sé munur á milli texta sem eru þýðingar sem ætlaðir eru íslenskum notendum eða öðrumnotendamiðuðum textum.

- Mikilvægt er að auka hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna meðal þeirra sem sinna lýðræðistengdum verkefnum hjá borginni. Þar sem hallar á þátttöku er gífurlega mikilvægt að ná til viðkomandi hóps með þessum hætti, bæði til að bæta þekkingu á notendahópnum hjá þeim sem sinna lýðræðislegri þátttöku borgarbúa en einnig til hvatningar og til að byggja upp traust. Mjög einfalt ætti að vera að yfirfæra þá þekkingu sem við höfum á mikilvægi jafnara kynjahlutfalls í yfir hvaða sviði sem er.
- Í aðgerðaráætlun þarf að koma fram til hvaða aðgerða skuli grípa til þess að stefnan verði aðgengilegar mismunandi hópum, út frá tungumáli, fjölbreyttum aðgengisþörfum o.fl.
- Frekari könnun á þátttökuhlutfalli innflytjenda, greina á milli hvort það er tungumálið sem er hindrun þátttöku eða hvort fleiri þættir spili þar inn í.
- Þar getur verið um að ræða menningarmun, áhugaleysi (upplifa máttleysi), tímaleysi (t.d. vegna vinnuálags) og fleira mætti telja.

### **Ábendingar varðandi aðgerðir í stefnunni:**

Aðgerð 2: Útgáfa á námsefni sem fjallar um mikilvægi þess að vera virkur í samfélagi með yfirferð yfir hin ýmsu tækifæri til þátttöku. Efnið yrði hugsað sem námsefni fyrir unglíngastig grunnskóla og verði einnig þýtt yfir á ensku. Sú útgáfa gæti einnig reynst gagnlegur inngangur fyrir þá sem eru að kynnast íslenskri samfélagsgerð.

mikilvægt hér að skoða þessa aðgerð betur með m.t.t. menningarnæmni – bæði getur það haft fælandi áhrif á fullorðið fólk ef ljóst er að efnið er ætlað börnum og einnig þarf að gera ráð fyrir að þekkingarstaða íslenskra unglínginga og innflytjenda varðandi lýðræðisþátttöku getur verið mjög mismunandi.